

Hverfisnefnd Brekkuskólahverfis
fundargerð
4. fundur
fimmtudagur 11.5. kl. 20-22:05 í Brekkuskóla

Mætt: Hjörleifur, Sigurlína, Bergljót, Njáll, Kristján, Kristín,
Börkur, Sigríður
Gestur: Jónas Vigfússon, deildarstjóri Framkvæmdardeildar
Akureyrarbæjar

Eftirfarandi atriði rædd:

1. Fundargerð s.l. fundar samþykkt.
2. Umræðu um vinnulag nefndarinnar frestað.
3. Heimsókn Jónasar frá Framkvæmdardeild. Skipulag við Leikskólann Hólmasól. Gert er ráð fyrir göngubraut yfir Þórunnarstræti við leikskólann en ekki gangbrautarljósum til að byrja með. Nefndarfólk er sammála um að nauðsynlegt verði að setja upp stýrð gangbrautarljós, annað skapi mikla hættu fyrir gangandi vegfarendur. Nefndarfólk telur einnig nauðsynlegt að lögreglan standi betur að hraðamælingum á Þórunnarstræti og að staðið verði að svifryksmælingum við sömu götu. Ekki er vitað um heildarskipulag fyrir Þórunnarstrætið allt. Umferð frá Baldurshagablokkunum beinist austan við löggustöðina og fyrir ofan hana út á Þórunnarstræti. Göngugata kemur milli blokkanna og löggustöðvar. Talningar voru gerðar á umferð á gatnamótum Þórunnarstrætis og Þingvallastrætis annars vegar og Þórunnarstræti og Hrafnagilsstrætis hins vegar en ekki er búið að vinna endanlega úr tölunum. Tenging Þórunnarstrætis við Miðhúsabraut rædd. Á núverandi skipulagstillögum er gert ráð fyrir að tengingu Miðhúsabrautar við Þingvallastræti við BM-Vallá verði komið þannig við að Þingvallastrætið komi beint upp og myndi 90 gr. horn við Miðhúsabraut en hún tengist þá í beina línu við Hlíðarbraut. Á þessu skipulagi er gert ráð fyrir Miðhúsabraut fyrir ofan Mjólkursamlagið. Skipulagið á eftir að samþykkja og einnig að öllum líkinum að senda til Umhverfisiráðuneytis. Bílastæði verður lagt á lóð við Helgamagrastræti 8. Farið verður í framkvæmdir við Andapollinn nú í sumar. Engar breytingar eru fyrirhugaðar á tjaldstæðinu. Nefndin fagnar þeim framkvæmdum/endurbótum sem gerðar hafa verið á Aðalstræti og að framhald verði á þeim framkvæmdum í sumar.
4. Næsti fundur ákveðinn þriðjudag 16.5. kl. 20.
5. Fundi slitið.